

komudagur 7.12.2010

Minnisblað um slökkvistarf á flugvöllum, 5. desember 2010

ISAVIA hf hefur skilað inn umsögn um breytingar á lögum um brunavarnir, dagsettri 25. nóvember 2010. Í viðauka B við umsögnina kemur fram ákveðinn missskilningur sem mikilvægt er að leiðrétta. Viðauka B í umsögn ISAVIA lýkur með orðunum:

„Nú þegar breytingar á lögum um brunavarnir eru til meðferðar Alþingis telur Isavia rétt að taka af öll tvímæli um að kröfur til viðbúnaðarþjónustu rekstraraðila flugvalla, heyrri ekki undir Brunamálastofnun eða einstaka slökkviliðsstjóra landsins heldur Flugmálastjórn Íslands, enda er það í samræmi við tilhögun þessara mála á öðrum Norðurlöndum.“

Á hinum Norðurlöndunum eru einmitt ákvæði í lögum og reglugerðum um samband milli viðbúnaðarþjónustu á flugvöllum og laga sem gilda almennt um brunavarnir eða viðbúnað við slysum.

Í Svíþjóð, Noregi og Danmörku eru í gildi sérstakar reglugerðir um viðbúnaðarþjónustu á flugvöllum [1, 2 3], gefnar út af viðkomandi flugmálayfirvöldum, en þar er kveðið mun skýrar á um kröfur en gert er í Viðauka 14 við Chicago samninginn. Þar er gjarna vitnað í almenna löggjöf um brunavarnir og vinnueftirlit. Og hin almenna löggjöf kallast á við þetta og nefnir sérstaklega að hin almenna löggjöf gildi einnig um flugvelli.

Í Svíþjóð eru þannig ákvæði í 2. gr. reglugerðar um viðbúnað á flugvöllum [1] (grein þessi heitir „Tillämpning“ eða gildissvið) þar sem sagt er að þar að auki gildi lög frá öðrum opinberum aðilum svo sem Ráddningverket og Arbetarskyddstyrelsen (samsvarandi Brunamálastofnun og Vinnueftirliti). Jafnframt segir í reglugerðinni að lýsing á viðbúnaði á flugvöllum eigi að koma fram í brunavarnaáætlun sveitarfélagsins. Þessi ákvæði í reglugerð um viðbúnað á flugvöllum kallast svo á við ákvæði í lögum um björgunarþjónustu (sem nú heita lagen om skydd mot olyckor). Í þeim lögum segir í 4. gr:

4 § Vid en anläggning där verksamheten innebär fara för att en olycka ska orsaka allvarliga skador på människor eller miljön, är anläggningens ägare eller den som utövar verksamheten på anläggningen skyldig att i skälilig omfattning hålla eller bekosta beredskap med personal och egendom och i övrigt vidta nödvändiga åtgärder för att hindra eller begränsa sådana skador.

Den som utövar verksamheten är skyldig att analysera riskerna för sådana olyckor som anges i första stycket.

Första och andra styckena **gäller även flygplatser** som har meddelats drifttillstånd enligt 6 kap. 8 § första stycket luftfartslagen (2010:500). Lag (2010:519).

Þannig eru flugvellir sérstaklega nefndir í hinni almennu löggjöf og reglugerð um flugvelli, gefin út af flugmálayfirvöldum, vísar einnig í þessi lög og tekur fram að þau gildi fram yfir þau ákvæði sem sett eru í reglugerðinni.

Sá missskilningur sem kemur fram í umsögn Isavia hf, að á öðrum Norðurlöndum heyrri viðbúnaður á flugvöllum ekki undir lög um brunavarnir, er hér með leiðréttur. Þessu er einmitt þveröfugt farið, reglugerðir um flugvelli vitna í almenn lög og hin almennu lög nefna sérstaklega að þau gildi einnig um flugvelli.

Einnig má nefna að í þeim reglugerðum sem flugmálayfirvöld á Norðurlöndum hafa gefið út um viðbúnað á flugvöllum [1, 2, 3] er kveðið mun skýrar á um kröfur en gert er í Viðauka 14 við Chicago samninginn. Til dæmis eru gerðar skýrar kröfur um fjölda slökkviliðsmanna, menntun þeirra og búnað. Hvað varðar menntun, þá er iðulega vitnað í þær menntunarkröfur sem gerðar eru við brunamálaskóla þessarar landa.

Virðingarfyllt,
Björn Karlsson, brunamálastjóri

Tilvitnanir:

- [1] Luftfarsvarkets föfattarsamling: LFS 1991:22, Bestämmelser för Civil Luftart – Flygplatser, BCL -F3.4 (Svíþjóð).
- [2] Statens Luftfartsvæsen, Bestemmelser för Civil Luftfart, BL 3-9, Bestemmelser om brand- og redningstjeneste (Danmörk).
- [3] FOR 2006-05-12, Forskrift om brann- og redningstjeneste (BSL E 4-4) og Veiledning til BSL E 4-4 (Noregur).
- [4] Lagen om skydd mot olyckor, 2003:778, Riksdagen (Svíþjóð, áður kölluðust þessi lög Lagen om Räddningstjänst 1986:1102)